



GAMMA: Iceland Liquidity Fund

GAMMA: LIQUIDITY er verðbréfasjóður sem fjárfestir í skuldabréfum og víxlum, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði. Að auki hefur sjóðurinn heimild til fjárfestingar í innlánum fjármálafyrirtækja.

Markmið GAMMA: LIQUIDITY er að skila ávöxtun í samræmi við skammtímavaxtastig á markaði og er líftími sjóðsins ávallt lægri en 1 ár. Sjóðurinn hentar vel til ávöxtunar á fé til skemmri tíma eða fyrir fjárfesta sem vilja tiltölulega litlar sveiflur í ávöxtun.

Sjóðurinn beitir virkri stýringu með þeirri aðferðafræði sem GAMMA hefur þróað og notað við stýringu annarra skuldabréfasjóða.

Árleg umsýsluþóknun er 0,40% og enginn kostnaður er við kaup eða sölu og enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Árleg þóknun:	0,40%
Gengismunur:	0,00%
Innlausnargjald:	0 kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
Gengisuppreikningur:	Daglegur í lok dags
Meðallíftími:	minna en 1 ár
Núverandi stærð:	-
Hámarksstærð:	Engin
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskráningu

Fjárfestingarmarkmið

GAMMA: LIQUIDITY fjárfestir eingöngu í vel tryggðum skuldabréfum og víxlum útgefnum af:

- ríkissjóði og
- aðilum með ríkisábyrgð s.s. Íbúðalánasjóði.

Einnig er heimild til fjárfestinga í innlánum að hámarki 50% af stærð sjóðsins. Leitast verður við að takmarka áhættu vegna innlána með því að dreifa þeim á fleiri en einn aðila.

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að ávaxta fé sjóðsins í ofangreindum fjármálaafurðum í samræmi við skammtímavaxtastig á markaði með virkri fjárfestingastefnu. Skal líftími sjóðsins ávallt vera lægri en 1 ár. Virk fjárfestingarstefna felur t.a.m. í sér að skipta á milli óverðtryggðra og verðtryggðra bréfa og milli innlána og skuldabréfa og/eða víxla.

Sjóðnum er heimilt er að eiga tímabundið allt að 10% af stærð sjóðsins í lausu fé til að mæta innlausnum eða vegna markaðsaðstæðna. Einnig er heimild til fjárfestinga í afleiðum, á skuldabréf og víxla sem gefnir eru út af ríkissjóði, til áhættustýringar að hámarki 10% af stærð sjóðsins.

Tölur um ávöxtun vísa til fortíðar og hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbandingu um ávöxtun í framtíð.

Skuldabréfateymi

Gisli Hauksson
s: 519-3301
gisli@gamma.is

Guðmundur Björnsson
s: 519-3303
mummi@gamma.is

Agnar T. Möller
s: 519-3302
agnar@gamma.is

Valdimar Ármann
s: 519-3304
valdimar@gamma.is
Sjóðsstjóri

Um GAM Management hf. og skuldabréfateymi

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu í mars 2009.

GAMMA sérhæfir sig í fjárfestingu á vaxtamarkaði (e. fixed income) og gjaldeyrismarkaði (e. FX) en leggur sérstaka áherslu á tækifæri sem felast í íslenskum skuldabréfa-, vaxta- og gjaldeyrismarkaði.

Gísli Hauksson, hagfræðingur, er framkvæmdastjóri GAMMA. Gísli starfaði áður sem Director Fixed Income Sales (skuldabréfaviðskipti og afleiður) hjá Kaupþingi á Íslandi frá febrúar 2008, frá 2004-2006 var hann Director Fixed Income and FX hjá Kaupþingi í London og þar áður í skuldastýringu Kaupþings (Búnaðarbankans áður) frá árinu 2001.

Guðmundur Björnsson, verkfræðingur, var forstöðumaður Afleiðuviðskipta Kaupþings frá 2005 fram í september 2008. Þar hafði hann yfirumsjón með verðlagningu og áhættuvörn vegna afleiðuviðskipta í tengslum við gjaldeyri, vexti og skuldabréf ásamt þróun á afleiðuvörum og afleiðutengdum skuldabréfum. Guðmundur hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands árið 2002.

Agnar Tómas Möller, verkfræðingur, starfaði 2004–2006 í áhættustýringu Kaupþings og frá árinu 2006 til vormánaða 2008 í skuldabréfamíðlun Kaupþings.

Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólguutengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2009 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Fyrst starfaði Valdimar hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrisviðskiptum.

Nánari upplýsingar

GAMMA: LIQUIDITY hentar vel til ávöxtunar á fé til skemmri tíma eða fyrir fjárfesta sem vilja tiltölulega litlar sveiflur í ávöxtun.

Sjóðurinn hentar vel til lausafjárstýringar fyrir bæði almenna fjárfesta og fagfjárfesta þar sem engar þóknarir eru teknar við kaup og sölu og enginn munur er á kaup- og sölugengi. Virk stýring sjóðsins gefur möguleika á umframávöxtun yfir innlánavexti og ávöxtun skammtímaskuldabréfa.

Einstaka eignir sjóðsins geta haft lengri líftíma en 1 ár en meðallíftími sjóðsins skal vera styttri en 1 ár. Þar sem meðallíftími sjóðsins er styttri en 1 ár, verða eignir sjóðsins að meðaltali með stuttan líftíma. Styttri líftími þýðir að öðru jöfnu að verð skuldabréfa breytist tiltölulega lítið við breytingar á ávöxtunarkröfu þeirra.

Eins og aðrir verðbréfasjóðir GAMMA, er sjóðurinn rafrænt skráður hjá Verðbréfaskráningu og því geta fjárfestar valið hvar þeir varsla hlutdeildarskríteini sín.

Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingarstefnu má finna í reglum, útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins.

Fyrirvari:

Um fjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna um fjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari um fjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Um fjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almenn fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflöks gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbandingu um framtíðarávöxtun.